

Nd.

222. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Baldvinssyni og Magnúsi Jónssyni.

6. gr. frv. orðist svo:

1. málsg. í 23. grein laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal orða svo:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur. Þó getur ríkisstjórnin, eftir tillögum sýslunefnda, ákveðið, að kosning til Alþingis í einstökum kjördæmum skuli fara fram hinn 10. dag septembermánaðar næst á undan hinum almenna kjördegi.

Til vara.

6. gr. frv. fellur burt.